

## Umsókn – til Vottunarstofunnar Túns

### um heimild til notkunar á hefðbundnu fræi/útsæði í lífrænni ræktun

(Sjá leiðbeiningar um útfyllingu á bakhlið þessa blaðs)

<b>Upplýsingar um umsækjanda</b>		Vottunarnúmer:	
Nafn			
Heimili/Póstfang:			
Tegundir (tilgreinið hvert yrki í fræblöndum)			
Yrki			
Magn (g/kg/fjöldi)			
Ástæður*			
Ef fræblanda: % innihalds "Lífrænt"			
Áætlaður sáningstími			
Seljandi			
Stærð ræktunarlands			
Vottunarnúmer landskika			
Áætlað hlutfall lífræns fræs notað á býlinu:			
*) Sjá lið 2 í leiðbeiningum: Veljið a, b, c, d1, d2, d3, eða e (einn eða fleiri eftir því hvað á við). Ef ástæðan er (c), þá skal hún skýrð nánar hér að neðan (eða á sérstöku blaði ef þörf er):			
<b>Útfyllist af Vottunarstofunni Túni</b>		Dags.	Undirskr./stimpill
<input type="checkbox"/> Samþykkt	<input type="checkbox"/> Hafnað		
Ástæður/Skilyrði:			

## Leiðbeiningar um gerð umsóknar um heimild til notkunar á hefðbundnu fræi/útsæði í lífrænni ræktun

Jafnan skal nota lífrænt fræ og útsæði þegar það er fánlegt. Ef hentugt yrki er ekki fánlegt vottað lífrænt skal sækja um undanþágu til að nota hefðbundið fræ eða útsæði. Ef tegund eða yrki eru nefnd í gagnabankanum er ekki grundvöllur fyrir því að veita slíka undanþágu.

Sækja skal um undanþágu til vottunarstofu **áður en hefðbundið fræ eða útsæði eru keypt.** Ef það er ekki gert gæti komið til þess að viðkomandi uppskera missi vottun. Umsókn skal tilgreina ástæður fyrir þörf á undanþágu.

1. Kannið hvort tegund eða yrki er skráð í íslenska gagnabankann, eða gagnabanka þess lands þar sem fræið er framleitt. Ef ekki er unnt að komast í viðkomandi gagnabanka hafið samband við vottunarstofuna ([tun@tun.is](mailto:tun@tun.is)).
2. Ef **fræ af tiltekinni tegund** sem þú leitar er ekki fánlegt vottað lífrænt af því yrki sem þú óskar, en önnur fánleg yrki eru ekki hentug til þessar ræktunar, mun vottunarstofa meta umsókn þína um undanþágu. Umsókn skal réttlætt með einni eða fleiri af eftirfarandi ástæðum:
  - a) Ekkert yrki þeirrar tegundar sem nota á er skráð í gagnagrunninn.
  - b) Fræsalinn getur ekki séð fyrir fræinu fyrir sáningartíma þótt pantað hafi verið með nægum fyrirvara.
  - c) Yrki sem ég hyggst nota er ekki skráð í gagnagrunninn og ég get sýnt fram á að engin skráð yrki sömu tegundar henta minni framleiðslu (tilgreina skal ástæður).
  - d) (d1) Nota á fræ í rannsóknir; (d2) nota á fræ til prófana á litlum tilraunareitum; (d3) nota á fræ í sambandi við áform um verndun afbrigða.
  - e) Fræið er hluti af blöndu grasfræs eða fóðurjurtafræs sem er a.m.k. 60% vottað lífrænt.
3. **Fræblöndur:**
  - Minnst 60% (í þyngd) gras- og fóðurjurtafræs skal vera lífrænt. Þeir sem nota slíka blöndu þurfa ekki að sækja fyrirfram um leyfi, heldur þarf leyfi að hafa verið veitt áður en næsta úttekt vottunarstofu fer fram.
  - Undanþágu fyrir notkun gras- og fóðurjurtafræs sem inniheldur minna en 60% lífrænt fræ skal leitað áður en það er keypt. Ástæðu skal tilgreina fyrir hvert hefðbundið afbrigði sem í blöndunni er (sbr. lið 2), og er undanþága einungis veitt í undantekningartilvikum.
4. **Kartöfluútsæði** skal vera vottað lífrænt. Einungis er unnt að veita undanþágu í algerum undantekningartilvikum, sem vottunarstofa skilgreinir nánar. Umsóknir skulu vera skriflegar. Hafið samband við vottunarstofuna til að fá nánari upplýsingar.
5. **Meðfylgjandi eyðublað** skal útfyllt nákvæmlega. Ekki er unnt að afgreiða umsókn sem ekki er að öllu leyti útfyllt.
6. **Póstsendið, faxið eða sendið á netpósti** til vottunarstofu útfyllt formið áður en þið festið kaup á sáðvörunni.